

Sýning á húsgögnum og öðrum listiðnaði

Félag húsgagnaarkitekta hefur opnað sýningu í Reykjavík, sem nefnist „Húsgögn — 1961“. Verður hún að Laugavegi 26. Þar sýna húsgagnaarkitektar margvísleg húsgögn, en auk þess verða til sýnis ýmsir listmunir og listiðnaður.

Um páskana í fyrra efndi Félag húsgagnaarkitekta til sinnar fyrstu húsgagnasýningar, og var hún í húsakynnum Almennra trygginga við Pósthússtræti. Var hún mikið sótt og vakti mikla athygli. Nú hefur félagið fengið umráð húsnæðis að Laugavegi 26, og fær þar þrefalt stærri gólfhlöt til umráða en í fyrra, eða um 400 fermetra.

Þarna verða 34 sýningabásar, og auk húsgagna verða sýndir þarna silfurmunir, smelti, vefnaður, keramik, veggteppi og gólfteppi, ullariðnaður frá verksmiðjum o.fl.

Átta húsgagnaarkitektar og 4 aðilar aðrir hafa teiknað húsgögnin, og er þar eingöngu um að ræða nýjar gerðir húsgagna, sem ekki hafa verið sýnd eða seld hér á landi áður. Þarna verða sýnd húsgögn í borðstofu, dagstofu, barnaherbergi, svefnherbergi, stakir stólar, ruggustólar, borð og margt fleira.

Þessir húsgagnaarkitektar eiga muni á sýningunni:

Árni Jónsson, Gunnar Guðmundsson, Gunnar Theódórsson, Halldór Hjálmarsson, Helgi Hallgrímsson, Hjalti Geir Kristjánsson, Kjartan Á. Kjartansson og Þorkell G. Guðmundsson.

Auk þess hafa teiknað húsgögn Jón og Benedikt Guðmundssynir og Axel Eyjólfsson húsgagnasmiðameistarar, og Manfred Vilhjálmsarkitekt.

Silfurmunir hafa gert Jóhannesson, Jóhannesson, Halldór Kristinsson, Ásdís Sveinsdóttir, Reynir Guðlaugsson og Jens Guðjónsson.

Keramik er eftir Ragnar Kjartansson, listvefnaður er eftir Guðrúnu Jónasdóttur, Ásgerði Ester Búadóttur, Barböru Árnason, Ragnheiði Jónsdóttur og Steinunni Magnúsdóttur.

Þá er á sýningunni smelti eftir Sigrúnu Gunnlaugsdóttur og Jóhannes Jóhannesson. Þá er ullariðnaður frá verksmiðjum: Húsgagnaáklæði og væðarvoðir frá Álafossi, húsgagnaáklæði frá Última og Gefjunni og skinn frá Iðunni á Akureyri. Öll gólfteppi sem sýnd eru þarna eru frá Vefaranum h.f., en dúkar sem skilja sýningar-svæðin, eru frá Dúkaverksmiðjunni h.f. á Akureyri.

Sýningin á Laugavegi 26 stendur í 10 daga. Hún verður opin virka daga frá kl. 2 til 10 og á helgidögum frá kl. 10 til 10.

Þess er að geta að af þessari sýningu verða valdir munir sem sendir verða á hand- og listiðnaðarsýningu, sem haldin verður í München dagana 31. maí til 11. júní. Vörsýningarnefnd hefur falið Félagi húsgagnaarki-

tekta að sjá um þátt Íslands á þeirri sýningu. Listiðnaðarsýningin í München er haldin árlega, og hefur alltaf verið mikil þátttaka í henni, meðal annars sýna Norðurlandþjóðirnar listiðnað sinn. Hafa færri komið að til að sýna þarna en vilja. Íslendingar hafa einu sinni áður tekið þátt í München-sýningunni, og vakti íslenska deildin mikla athygli. Þá hlaut Ásgerður Ester Búadóttir gullpening sýningarinnar fyrir myndvefnað, en mynd hennar heitir Kona með fugl og hefur verið gefin út í safni endurprentana Helga-fells af íslenskum listaverkum.

Nú mun dómnefnd verða skipuð til að velja húsgögn og annan listiðnað, sem sendur verður til München, en þar fær íslenska deildin 40 til 50 fermetra sýningar-svæði.

Félag húsgagnaarkitekta beitti sér fyrir sýningu húsgagna í fyrra og heldur nú áfram á sömu braut. Vill það gefa almenningi kost á að sjá annan listiðnað. Sýningarnefnd félagsins skipa: Hjalti Geir Kristjánsson formaður, Gunnar Guðmundsson, Gunnar Theódórsson, Halldór Hjálmarsson og Kjartan Á. Kjartansson, en stjórn Félags húsgagnaarkitekta skipa: Hjalti Geir Kristjánsson formaður, Helgi Hallgrímsson og Árni Jónsson.

Skrýtlur

Eigum við ekki að skreppa til nábúa okkar og horfa á sjónvarpi? segir Jón við konuna sína.

Þau gera það, fyrst horfa þau á knattspyrnuleik í 3 tíma, svo á Rugby í einn og hálfan tíma, allan tímann segja þau ekki orð. Þá hnippir konan í mann sinn og segir: Er ekki tími til að fara að koma sér heim, Jón minn?

— Heyrðu kona, ertu kom-in hingað til að horfa á sjónvarp, eða til að nöldra?

Því er haldið fram að listafólk hafi fallett hendur en annað fólk. Það er ekki rétt, segir sá sem hefur rannsakað þetta. Listafólk hefur yfirleitt vinnulegar hendur.

— Barnið veit miklu betur en nokkur annar, hvað mikið það má borða, segir sálfræðingurinn.

Auðvitað, það gubbar þegar það er búið að fá nóg.

Margir halda að gott minni eigi eitthvað skylt við gáfur.

Þetta er ekki rétt, gott minni getur mjög illa gefið fólk haft.

Sumarleikhúsið:

Allra meina bót

Íslenzkur gamanleikur með söngvum og tilbrigðum.

Músík eftir Jón Múla Árnason.

Aðalhlutverk: Brynjólfur Jóhannesson, Árni


Tryggason, Kristín Anna Þórarinsdóttir, Steindór

Hjörleifsson, Gísli Halldórsson, Karl Guðmundsson.

Sýning í Austurbæjarbíói 3 páskadag kl. 23.30.

Aðgöngumiðasala í Austurbæjarbíói — Sími 11384

Rafgeymar



Allar stærðir rafgeyma fyrir vélbáta.

Fást á öllum útgerðarstöðum landsins.



Búðin

Gömlu dansarnir

eru á
laugardags-
sunnudags-
og miðvikudags-
kvöldum.

Fermingargjöffin er

Kodak

MYNDAVÉL


Kodak BROWNIE 127

með tösku — Kr. 291,00

Kodak CRESTA

með tösku — Kr. 441,00

Flashlampi á CRESTA — Kr. 274,00.



CRESTA

Verzl. HANS PETERSEN H.F.

Bankastræti 4

SÍMI 13213